

**32** Fyrir framræslu og túnasléttun má greiða allt að tvöföldum viðbótarstyrk, en 27. apríl fyrir túnauka og nýja matjurtagarða greiðist allt að jafnháum viðbótarstyrk við þann, sem ákveðinn er í 9. gr. jarðræktarlaganna. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Öll framkvæmd þessara jarðabóta skal vera í samræmi við ákvæði jarðræktarlaganna, enda votti trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands, að jarðabæturnar séu heppilega ráðnar og muni koma að tilætluðum notum. Búnaðarfélag Íslands annast útborgun styrksins.

Ákvæði 11.—17. gr. jarðræktarlaganna koma ekki til greina um þann viðbótarstyrk, sem veittur er samkv. þessari grein.

Viðbótarstyrkur, sem ekki er unnið fyrir á því ári, sem hann er veittur, fellur niður.

#### 11. gr.

Hámark þeirrar upphæðar, sem hver einstakur maður getur fengið í vegafé og viðbótarjarðræktarstyrk samanlagt, er helmingur af tekjumissi þeim, er hann hefir orðið fyrir vegna fjármissisins.

Svo fljótt sem hægt er skal tilkynna oddvita, hve mikill styrkur kemur í hlut hreppsins sem vegafé og jarðræktarstyrkur, svo að bændum gefist kostur á því í tíma að taka ákvörðun um það, hvernig þeir færi sér hann í nyt.

#### 12. gr.

Allir þeir, sem starfa að úthlutun styrktarfjár samkvæmt þessari reglugerð, eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir komast að vegna starfs síns og snertir efna-  
hag einstakra manna.

#### 13. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 25, 13. janúar 1938, um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1938*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

**33** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð barnaskóla Sval- 28. apríl barðsstrandar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-  
ráðherra 28. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð barnaskóla Svalbarðsstrandar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður barnaskóla Svalbarðsstrandar“. Stofnfé hans er 100 — eitt hundrað — krónur.

## 2. gr.

Sjóðinn skal efla og auka með ágóða af skemmtisamkomum, gjöfum og áheitum einstakra manna og félaga. 28. apríl

33

## 3. gr.

Takmark sjóðsins er að gera barnaskóla Svalbarðsstrandar að efnalega sjálfstæðri stofnun, með því að bera uppi allan þann kostnað, er leiðir af starfrækslu skólans eða fræðslu barna í hreppnum, að þeim hluta sem ríkið ekki kostar fræðsluna; að styrkja unglinga í hreppnum til framhaldsnáms utan sveitar; og að styrkja hverskonar menningar- og mannúðarmál innan sveitarinnar.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða né gera hann að eyðslueyri. Skulu árlegir vextir sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, ásamt öðru því fé, er sjóðnum kann að áskotnast, þar til sjóðurinn er orðinn 8000 — átta þúsund — krónur. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 8000 kr. skal sjóðurinn taka til starfa, og skal þá árlega veita úr honum styrk til barnaskólans, eða fræðslu barna í Svalbarðsstrandarhreppi, er nemi allt að  $\frac{5}{6}$  hlutum ársvaxta hans, en  $\frac{1}{6}$  hlutinn skal leggjast við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Úr því má styrkur þessi nema allt að  $\frac{1}{10}$  hlutum ársvaxtanna, en  $\frac{9}{10}$  hlutinn leggst við höfuðstólinn.

Þegar sjóðurinn er orðinn svo stór, að árlegir vextir hans eru 300 — þrjú hundruð — krónum hærrí en allur árlegur kostnaður við barnaskólann, eða fræðslu barna í hreppnum, fram að 14 ára aldri, að meðaltali 5 síðustu árin, eftir reikningum skólanefndar, skal veita fátækum og efnilegum unglingum í Svalbarðsstrandarhreppi, jafnt konum sem körlum, styrk úr honum til framhaldsnáms utan sveitar, hvort heldur það nám er verklegt eða bóklegt. Þó má samanlagður styrkur til barnaskólans og framhaldsnáms unglinga aldrei fara úr  $\frac{4}{10}$  hlutum ársvaxtanna,  $\frac{1}{10}$  hluti ársvaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn árlega.

Ennfremur má veita styrk úr sjóði þessum til hverskonar menningar- og mannúðarmála innan sveitarinnar, þegar sjóðurinn er þess megnugur að dómi sjóðstjórnarinnar.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Svalbarðsstrandar, en verði sparisjóðurinn lagður niður, eða hætti störfum á annan hátt, skal fé Menningarsjóðs barnaskóla Svalbarðsstrandar ávaxtað í þeirri peningastofnun landsins, sem á þeim tíma telst tryggust og býður bezt kjör.

## 6. gr.

Sjóðnum skal sjórnað af þrem mönnum. Skal forstöðumaður eða skólastjóri barnaskólans í Svalbarðsstrandarhreppi vera sjálfkjörinn formaður sjóðsins, en hina tvo kýs almennur hreppsfundur á sama hátt og til sama tíma og kosið er í hreppsfund.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins ber ennfremur að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

## 8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er kosnir séu á hausthreppaskilum. Skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins síðan birtir á fyrsta almennum hreppsfundi ár hvert.

33

28. apríl

Að liðnum 50 árum er þáverandi stjórn sjóðsins heimilt að breyta skipulagsskrá þessari, í samræmi við breytta tíma. Þó má aldrei skerða höfuðstól sjóðsins né gera hann að eyðslueyri, og ætíð skal sjóðurinn styrkja menntun barna og unglinga, og efla mannúðar- og menningarmál innan sveitarinnar, eins og gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, enda fáist á þeirri breytingu samþykki fjölmenns hreppsfundar og konungleg staðfesting.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

34

28. apríl

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns prófests Guðmundssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. apríl 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns prófests Guðmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Guðnýju Þorsteinsdóttur, ekkju séra Jóns Guðmundssonar, fyrrum prófests að Nesi í Norðfirði, og heitir „Minningarsjóður Jóns prófests Guðmundssonar“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur. Er sjóðurinn eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðsins.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í bankavaxtabréfum, eða á annan jafntryggan hátt.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast fyrir gjafir, áheit eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn.  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna leggist einnig við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 — fimmtíu þúsund — krónur. Eftir þann tíma leggist  $\frac{1}{5}$  hluti vaxtanna við höfuðstólinn, unz hann er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, en að þeim tíma liðnum má verja öllum vöxtum sjóðsins á þann hátt, sem segir í 5. grein.

5. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem ekki er lagður við höfuðstólinn, skal árlega varið til að styrkja þá háskólanemendur, sem ekki hafa nægilegan fjárfkost til að kosta sig sjálfir við háskólann. Forgangsrétt til styrks úr sjóðnum hafa þeir stúdentar, sem eiga heima í Skorrastaðaprestakalli, þ. e. Neskaupstað og Norðfjarðarhreppi, þannig að styrkur úr sjóðnum verði eigi veittur öðrum, fyrr en allir stúdentar, búsettir á fyrrgreindu svæði, sem ekki geta kostað sig sjálfir við háskólann, hafa hlotið árlegan styrk úr sjóðnum, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

6. gr.

Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í Árbók Háskólans.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.